

Endur umsókn um lóðina Sjávangötu 12 Þingeyri

Þingeyri 18.12.2020

Undirritaður sækir hér að nýju fyrir hönd Sæverks ehf. kt.470319 0890 um lóðina Sjávangötu 12 Þingeyri.

Áformað er að byggja þar iðnaðarhús 379m² að stærð sem skipt er upp í 4 bil,og til þess að svo megi verða hefur undirritaður unnið að því að gera kostnaðaráætlun fyrir þetta verkefni.

Markmiðið er að halda byggingarkostnaði eins lágum og mögulegt er.

Eftirspurn er eftir svona húsnæði en ekki þannig að það sé verið að tala um svipað verð og á höfuðborgar svæðinu.

Ein stoð undir þetta verkefni er sú að bæjarstjórn sé til viðræðu um eftirgjöf að gatnagerðargjöldum af þessari lóð sem lið í atvinnuuppbyggingu hér á Þingeyri. Samkvæmt lögum [nr. 153/2006 6 gr.](#) hefur sveitarstjórn heimild til að lækka eða fella niður gatnagerðargjöld af lóð.

6. gr. Sérstök lækkunarheimild.

Sveitarstjórn er heimilt að lækka eða fella niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum í sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður, svo sem vegna þéttingar byggðar, atvinnuuppbyggingar, lítillar ásóknar í viðkomandi lóð eða eftirspurnar eftir leiguhúsnæði.

Þess má geta að Sæverk ehf. hefur fengið styrk úr Matvælasjóð til að meta kosti þess að vinna grjótkrabba úr Dýrafirði,og til þess að það geti gengið upp þá vantar húsnæði.

Með von um góð viðbrögð

Fyrir hönd Sæverks ehf.

Viðar Magnússon